

## REGLUGERÐ

**um (13.) breytingu á reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.**

1. gr.

Í stað 3.–5. gr. reglugerðarinnar kemur eftirfarandi:

3. gr.

*Lögbær yfirvöld.*

Matvælastofnun gegnir hlutverki lögbærs yfirvalds í reglugerðum skv. 1. gr.

4. gr.

*Samþykki fyrir fyrirtækjum eða stöðvum.*

Fyrirtæki eða stöðvar, sbr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sbr. 1. gr., skulu hafa við-eigandi leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og/eða lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Þeim sem veita starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, skulu tilkynna til Matvælastofnunar ef fyrirtæki eða stöð sinnir starfsemi sem fellur undir ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sbr. 1. gr.

5. gr.

*Eftirlit.*

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerða skv. 1. gr. sé framfylgt.

2. gr.

Í stað 8.–9. gr. reglugerðarinnar kemur eftirfarandi:

8. gr.

*Þvingunarúrræði og viðurlög.*

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, og VI. kafla laga nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

9. gr.

*Lagastoð.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. og 29. gr. a laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, og 7. gr. laga nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. og 29. gr. a laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, og 7. gr. laga nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 31. maí 2023.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Margrét Björk Sigurðardóttir.*